



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

613. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 15. september 2025
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Börn innflytjenda í skólum á hbsv. -Sóknaráætlun 2024 - 2404003

Framhald umræðu frá 611. fundi. Fyrirliggjandi er minnisblað Hrannar Pétursdóttur dags. 9. júlí 2025. Ofangreint áhersluverkefni sóknaráætlunar hefur verið í vinnslu á vettvangi SSH frá árinu 2024. M.a. vegna annarra verka sem unnin eru samhliða hefur verið nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar á verkefninu, og þá kom einnig í ljós að söfnun og skráning upplýsinga um umræddan hóp mætti vera samræmdari og skilvirkari. Er nú unnið að úrbótum vegna þess. Við þá vinnu hefur einnig komið í ljós að töluverð skörun er milli þjónustu velferðar- og menntasviða þegar kemur að þjónustu við börn með fjölbreyttan menningarbakgrunn.

Í því ljósi er óskað eftir afstöðu stjórnar til þess hvort skilgreina eigi verkefnið alfarið innan beinnar kennslutengdrar þjónustu eða útvíkka það þannig að það nái einnig til þeirrar þjónustu sem er á ábyrgð velferðarsviða sveitarfélanna og þannig heildstætt til þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin eru að veita þessum börnum.

Verði ákveðið að víkka út efnistöð verkefnisins mun það rúmast innan áætlaðs kostnaðar við það og ætla má að verklok verði fyrir lok ársins. Hrönn Pétursdóttir kynnir framangreint.

Gestir

Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Umræður. Ákveðið er að halda efnistöð verkefnisins óbreyttum, þannig að það taki sem stendur aðeins til kennslutengdrar þjónustu en síðar verði ákveðið hvort rétt þykir að útvíkka verkefnið frekar í síðari áföngum.

2. Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi eru drög að samningi milli Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Einnig eru fyrirliggjandi drög að skipuriti ráðsins og starfsreglum þess. Er gerð tillaga um að stjórn samþykki drög að samningnum og drög að starfsreglum ráðsins fyrir sitt leyti og að þau verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Tillaga að samsetningu farsældarráðs, verklagi og tímalínu var til kynningar á 608. fundi. Var þá ákveðið að stjórn ásamt sviðsstjórum fræðslu- og velferðarsviða fundaði sérstaklega um málið. Framangreind gögn voru til umræðu þeim fundi, 20. ágúst sl. Engar athugasemdir bárust varðandi gögnin og eru þau því efnislega óbreytt.

Gestir

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 00:00

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að samningi um svæðisbundið farsældarráð og drög að starfsreglum ráðsins fyrir sitt leyti og er skrifstofu SSH falið að senda þau til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

3. Höfuðborgargirðing - Erindi - 2508002

Á 611. fundi stjórnar var erindi Helgadals ehf. dags. 13. ágúst 2025 lagt fram til kynningar og skrifstofu SSH falið að vinna málið áfram. Drög að svarbréfi SSH vegna þess erindis liggja fyrir til samþykktar. Lögfræðingur SSH kynnir.

Minnisblað framkvæmdastjóra um málið og framkvæmdir við girðinguna, dags. 12. september 2025, er jafnframt fyrirliggjandi. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Samþykkt

4. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Á 53. eigendafundi Sorpu bs. var kynnt tillaga/sviðsmynd að útfærslum hvað varðar flutning efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda til samræmis við ákvörðun ESA.

Var ákveðið að frekari umræður færu fram á vettvangi stjórnar SSH. Ræða þarf næstu skref þessa máls og dagsetningu fundar vegna þess.

Niðurstaða:

Umræður. Skrifstofu SSH er falið að boða til sérstaks fundar vegna framangreinds.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs fer af fundi.

5. Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins - 2109010

Í tilefni af vinnu mennta- og barnamálaráðuneytisins við endurskoðun barnaverndarlaga óskaði ráðuneytið hinn 25. ágúst 2025, eftir yfirliti yfir starfsemi og kostnað við rekstur umdæmisráðs barnaverndar í aðildarsveitarfélögum SSH,



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

að Reykjavík undanskilinni. Fyrirliggjandi til kynningar er svar SSH til ráðuneytisins dags. 12. september 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 53. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 20. ágúst 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

7. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 9. apríl 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 14. maí 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 11. júní 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 13. ágúst 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Önnur mál - 2110011

Fram hefur farið vinna er varðar nýtingu gervigreindar hjá sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins en um er að ræða eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar. Gerð er tillaga um að verkefnið verði kynnt kjörnum fulltrúum á örfundi SSH föstudaginn 26. september nk.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.